

ALLSHERJARHÚS RÉTTVÍSINNAR

Apríl 2002

Til trúarleiðtoga heims

Það er varanleg arfleifð tuttugustu aldar að hún knúði þjóðir heims til að byrja að líta á sig sem greinar af sama stofni og jörðina sem eitt föðurland. Þótt viðvarandi átök og ofbeldi myrkvi sjóndeildarhringinn eru fordómar, sem eitt sinn virtust eðlislægir manningum, hvarvetna á undanhaldi. Með þeim hverfa hindranir sem lengi hafa tvístrað fjölskyldu mannsins í sundurleitar þjóðir, menningarsvæði eða þjóðabrot. Að slík grundvallarbreyting skuli hafa orðið á svo skömmum tíma – nánast á einni nóttu í viðmiði sögulegs tíma – gefur vísbendingu um tækifærin sem fram undan eru.

Tilvist skipulagðra trúarbragða byggir á þjónustu við málstað bræðralags og friðar og því er sorglegt að framferði þeirra sé oft með þeim hætti að þau verða ein alvarlegasta hindrunin á leiðinni; ofstæki hefur lengi þrífist í skjóli þeirra, svo sérlega sársaukafull staðreynd sé nefnd. Sem yfirstjórn einna af heimstrúarbrögðunum teljum við það skyldu okkar að hvetja trúarleiðtoga til að íhuga alvarlega þá áskorun sem við þeim blasir. Málefnið og kringumstæðurnar sem af því skapast gera kröfu til þess að við tölum af hreinskilni. Við treystum því að sameiginleg þjónusta við guðlegan vilja tryggi að brugðist verði við orðum okkar í sama anda góðs vilja og þau eru sögð.

Sýnin á málefnið skýrist ef við leiðum hugann að því sem hefur áunnist á öðrum vettvangi. Áður fyrr voru konur, með fáeinum undantekningum, taldar óæðri kynstofn, hindurvitni ríktu um eðli þeirra, þeim var neitað um tækifæri til að rækta andlega möguleika og settar í það hlutverk að þjóna þörfum karla. Það er augljóst að konur búa enn við þetta ástand í mörgum samfélögum sem jafnvel verja það af ofstæki. Í hnattrænni umræðu hefur hugmyndin um jafnrétti kynjanna tekið á sig mynd raunhæfrar og öflugrar meginreglu sem nýtur almennrar viðurkenningar. Sams konar viðhorf eru ríkjandi í flestum menntasamfélögum og upplýsingamiðlum. Endurmatið hefur verið svo gjörtækt að málsvarar feðraveldis verða að leita sér trausts og halds í jaðri ábyrgra skoðanaskipta.

Þjóðernishyggja hefur lent í sams konar hugmyndakreppu. Með hverju áfallinu sem yfir dynur í heimsmálum verður auðveldara fyrir hinn almenna borgara að greina milli ættjarðarástar sem auðgar líf mannsins og þjóðernisæsinga sem hefur að markmiði að vekja hatur og ótta við aðra. Jafnvel

þar sem hentugt þykir að taka þátt í gamalkunnum helgisiðum þjóðernisstefnu má á viðbrögðum almennings ekki síður greina vandræðabrag en fullvissu og eldmód fyrri tíma. Endurmatið sem stöðugt fer fram á alþjóðlegri skipan hefur styrkt þessi viðbrögð. Hverjir sem annmarkarnir eru á núverandi skipulagi Sameinuðu þjóðanna og hversu litla burði sem þær hafa til að grípa til sameiginlegra hernaðaraðgerða gegn árásum og yfirgangi, getur enginn dregið þá staðreynd í efa að tálmynd algjörs forræðis þjóðríkisins dofna stöðugt.

Jafn afdráttarlaus er dómur sögunnar yfir kynþátta- og þjóðernisfordómum og það er ljóst að þolinmæðin gagnvart sýndarmennsku af því tagi er á þrotum. Höfnun á hinu liðna hefur verið sérstaklega afdráttarlaus hvað þetta varðar. Kynþáttastefna er nú svo flekkuð af tengingu sinni við hrylling tuttugustu aldar að hún hefur að vissu leyti fengið á sig stimpil andlegs sjúkdóms. Þótt hún lifi sem félagslegt viðhorf í mörgum heimshlutum – og sem meinsemd í lífi stórs hluta mannkyns – hafa kynþáttafordómar í grundvallaratriðum hlotið svo almenna fordæmingu að enginn þjóðfélagshópur kemst lengur upp með að kenna sig við þá.

Ekki er það svo að myrkur fortíðar sé með öllu horfið og heimur ljóssins skyndilega kominn í þess stað. Mikill fjöldi fólks þjáist enn vegna rótgróinna fordóma á grundvelli þjóðernis, kynferðis og stéttar. Allt bendir til þess að slíkt óréttlæti muni lengi vara þar sem stofnunum og mælikvörðum sem mannlegt samfélag er að skapa gengur seint að fá umboð til að móta ný félagstengsl og koma hinum kúguðu til hjálpar. Það sem máli skiptir er að stigið hefur verið yfir þröskuld þaðan sem enginn raunhæfur möguleiki er að snúa til baka. Grundvallarreglur hafa verið greindar, útskýrðar og kynntar víðs vegar og í vaxandi mæli orðið hluti af stofnunum sem geta beitt þeim á almenna hegðun. Enginn vafi er á því að hversu langvinn og sársaukafull sem baráttan verður, felur endanleg niðurstaða í sér byltingu á grundvallarsamskiptum allra þjóða.

* * *

Þegar tuttugasta öldin gekk í garð sýndust trúarfordómar vera líklegri en allt annað til að verða breytingaröflum að bráð. Á Vesturlöndum höfðu framfarir á sviði vísinda þegar grafið undan nokkrum helstu stoðum lokaðrar sértrúarhyggju. Sú nýja þróun í trúarefnum sem virtist gefa mestu fyrirheitin í samhengi þeirra breytinga sem voru að eiga sér stað á sjálfsmynd mannsins var samtrúarhreyfingin. Hið fræga trúarbragðaðing sem haldið var í tengslum við Heimssýninguna árið 1893 kom jafnvel metnaðarfullum skipuleggjendum þingsins á óvart. Það veitti sameiginlega sýn á andleg og siðferðisleg málefni, hreif hugi manna í öllum álfum og tókst jafnvel að skyggja á þau undur á sviði vísinda, tækni og viðskipta sem sýningin hyllti.

Um stund virtist sem hinir fornu múrar hefðu fallið. Áhrifamiklir hugsuðir á sviði trúarbragðafræði töldu þingið einstætt, „án fordæma í heimssögunni“. Virtur aðalskipuleggjandi þingsins komst svo að orði að það hefði „leyst heiminn úr fjötrum hleypidóma“. Því var spáð af mikilli fullvissu að hugmyndaríkir leiðtogar myndu grípa tækifærið og glæða anda bræðralags meðal sundurlyndra trúarbragða heims og leggja þann grundvöll siðvitundar sem nýr heimur hagsældar og framfara þarfnaðist. Í þessu örvandi andrúmslofti skutu hvers kyns samtrúarhreyfingar rötum og blómguðust. Miklar bókmenntir, fáanlegar á ýmsum tungumálum, kynntu sífellt fleirum, trúuðum sem trúlausum, kenningar megintrúarbragða heims. Loks náði þessi áhugi til útvarps, sjónvarps, kvikmynda og að endingu til netsins. Lærdómsstofnanir stofnuðu til náms sem leiddi til gráðu í samanburðartrúarbragðafræði. Þegar öldinni lauk voru sameiginlegar guðsþjónustur, sem nokkrum áratugum áður voru óhugsandi, orðnar algengar.

Því miður er ljóst að þetta frumkvæði var ófullnægjandi að því er varðar vitsmunalegt samhengi og andlega skuldbindingu. Andstætt þeim einingarferlum sem eru að breyta öllum öðrum félagstengslum mannkynsins, þráast gamalgróin lokuð sértrúarhugsun við og hafnar því að öll megintrúarbrögð heims séu jafngild í eðli sínu og uppruna. Bætt samskipti kynþáttanna og höfnun aðgreiningar á grundvelli litarháttar byggist ekki á tilfinningum eða þaulhugsaðri stefnu; hún sprettur af viðurkenningu á því að mannkynið er runnið af einum stofni og að fjölbreytileiki þess gefur í sjálfu sér ekkert til kynna um hæfni eða vanhæfni einstakra hluta þess. Frelsi kvenna ber því jafnframt vitni að stofnanir samfélagsins og almenningur viðurkenna að engar forsendur – líffræðilegar, félagslegar eða siðferðilegar – réttlæta að konum sé meinað um jafnrétti eða að stúlkur fái ekki sömu tækifæri til menntunar og piltar. Viðurkenning á framlagi sumra þjóða í mótun og þróun alþjóðlegrar siðmenningar staðfestir ekki heldur þá viðteknu hugmynd að aðrar þjóðar hafi lítið sem ekkert fram að færa í þeim efnum.

Trúarleiðtogum virðist að miklu leyti um megn að takast á hendur svo gjörtækt endurmat. Á öðrum sviðum samfélagsins er vísbendingum um einingu mannkyns fagnað, ekki einungis sem óhjákvæmilegu næsta skrefi í framsókn siðmenningar heldur einnig sem uppfyllingu veigaminni þátta af öllu tagi sem eru sameiginlegt framlag mannkynsins á þessari ögurstund í sögu þess. Samt stendur meirihluti skipulagðra trúarbragða lamaður á þröskuldi framtíðar, í helgreipum sömu kreddufestu og sama tilkalls til einkaaðgangs að sannleikanum sem hefur magnað sundrung og valdið beiskustu átökum jarðarbúa.

Afleiðingarnar fyrir velferð mannsins hafa verið geigvænlegar. Ekki er þörf á því að sundurliða hörmungarnar sem alda ofstækis, smánarblettur á nafni trúarinnar, hefur leitt yfir lánlausan almenning á okkar tímum. Þetta fyrirbæri er heldur ekki nýtt af nálinni. Svo aðeins eitt dæmi sé tekið af mörgum: Trúarbragðastyrjaldirnar í Evrópu á 16. öld kostuðu um þriðjung allra íbúa

meginlandsins lífið. Mennt hljóta að spyrja hver langtímauppskera þeirra fræja hafi verið sem blind sértrúaröfl, blásandi að glæðum slíkra átaka, sáðu í vitund almennings.

Við þetta uppgjör verður að bæta þeim svikráðum við mátt hugans sem eiga mesta þáttinn í því að svipta trúna hæfni til að taka afgerandi þátt í að móta þróun heimsmála. Trúarstofnanir hafa haft hugann allan við stefnuskrá sem dreifir og dregur úr mannlegri orku. Of oft hafa þær verið fremstar í flokki þeirra sem letja til könnunar á veruleikanum og beitingu þeirra vitsmuna sem einkenna mannkynið. Það kemur að engu raunverulegu haldi í glímunni við siðferðiskreppu nútímans að fordæma efnishyggju og hryðjuverk ef menn beina athyglinni ekki fyrst hreinskilnislega að því hvernig þeir vanræktu sína eigin ábyrgð og skildu fylkingar hinna trúuðu eftir berskjaldaðar fyrir áhrifum þeirra.

Þessar hugleiðingar, hversu sárar sem þær kunnu að vera, ætti síður að skoða sem áfellingdóm yfir skipulögðum trúarbrögðum, frekar sem skírskotun til einstæðs afls þeirra. Trúin, eins og við öll vitum, nær að innstu rótum mannlegrar hvatar. Þegar hún hefur verið trú uppruna sínum og fordæmi þeirra yfirskilvitlegu einstaklinga sem færðu heiminum stórkostleg trúarkerfi, vakti hún með heilum þjóðum hæfileikann til að elska, fyrirgefa, skapa, sýna hugrekki, sigrast á fordómum, fórna fyrir hagsmuni heildarinnar og aga dýrslegar hvatir. Áhrif þessara opinberenda guðdómsins, sem rekja má allt til upphafs skráðrar sögu, voru án efa aflvakinn að baki mannlegu siðgæði.

Þetta sama afl sem reyndist svo sterkt á umliðnum öldum er enn þá óbugandi þáttur mannlegrar vitundar. Andspænis ofurefli og án teljandi hvatningar heldur það áfram baráttunni fyrir lífi milljóna og kallar fram í öllum löndum hetjur og dýrlinga sem með lífi sínu færa áþreifanlegar sönnur á meginreglur ritninga sinna. Eins og þróun siðmenningar sýnir geta trúarbrögðin einnig haft mikil áhrif á mótun félagslegra tengsla. Í rauninni er erfitt að hugsa sér nokkra grundvallarþróun í siðmenningunni sem ekki hefur sótt siðferðisþrek sitt í þessa eilífu uppsprettu. Er þá hugsanlegt að hægt sé að ná hæsta stigi í árþúsundalöngu ferli skipulags á jörðinni í andlegu tómarúmi? Þótt þau öfugsnúnu hugmyndakerfi sem þröngvað var upp á heiminn á liðinni öld hafi engu komið til leiðar, sýndu þau að minnsta kosti ótvírætt að þörfinni verður ekki fullnægt með valkostum eða aðferðum sem sprottin eru af mannlegri hugmyndafræði.

* * *

Bahá'u'lláh dró saman vísbendingarnar fyrir daginn í dag í orðum sem hann skrifaði fyrir meira en einni öld og dreift hefur verið víða síðan:

Enginn vafi getur leikið á því að þjóðir jarðarinnar, hvaða kynþáttum eða trúarbrögðum sem þær tilheyra, fá innblástur sinn frá einni himneskri uppsprettu og eru þegnar eins Guðs. Munurinn á þeim lagaákvæðum sem þær búa við orsakast af mismunandi þörfum og knýjandi nauðsyn þeirra tíma er þau voru opinberuð. Öll voru þau ákvörðuð af Guði og endurspeгла vilja hans og ásetning að fáeinum frátöldum, sem eru afurð mannlegra rangfærslna. Rísið upp, vopnist krafti trúarinnar og sundurmolið guði fánýtra ímyndana yðar, sáðmenn hatursins á meðal yðar. Sýnið stöðuglyndi í því sem færir yður nær hvert öðru og sameinar yður.

Slíkt ákall felur ekki í sér að grundvallarsannindum einhverra hinna miklu trúarkerfa heims sé hafnað. Því fer fjarri. Trúin ber í sér sína eigin brýningu og er sín eigin réttlætning. Trú annarra – eða vantrú – getur ekki bundið samvisku neins einstaklings, sem ber nafn hennar með réttu. Með þessum orðum er verið að hvetja afdráttarlaust til þess að öllu tilkalli til lokaðrar sértrúarhyggju og endanlegs sannleika í trúarefnum sé hafnað, en það eru einmitt rætur þessara hugmynda sem hafa undið sig um allt líf mannsandans, átt drýgstan þátt í að kæfa einingarviðleitni og stuðla að hatri og ofbeldi.

Við teljum að leiðtogar trúarbragðanna verði að bregðast við þessari sögulegu áskorun ef forystuhlutverk þeirra á að hafa merkingu í því hnattræna samfélagi sem er að vaxa úr reynslu og umróti tuttugustu aldar. Það er augljóst að vaxandi hópur fólks gerir sér grein fyrir því að sannleikur allra trúarbragða er í eðli sínu einn. Þessi viðurkenning er ekki niðurstaða guðfræðilegra deilna heldur innsæisvitund sem sprettur af sífellt meiri reynslu af öðru fólki og aukinni viðurkenningu á einingu sjálfrar fjölskyldu mannsins. Úr ólgu trúarkenninga, helgisíða og trúarboða, arfi horfinna heima, vex tilfinningin um að andlegt líf, eins og einingin sem opinberast í þjóða-, kynþátta- og menningarheildum, sé einn takmarkalaus veruleiki sem allir eigi jafnan aðgang að. Til þess að þessi skynjun, sem enn þá er óljós og hikandi, megi styrkjast og leggja sitt af mörkum til friðar á jörð verða þeir sem meginþorri mannkyns væntir sér leiðsagnar frá, jafnvel þótt svo áliðið sé orðið, að viðurkenna hana heilshugar.

Vissulega ber mikið á milli stærri trúarhefða heims að því er varðar félagsleg fyrirmæli og tilbeiðsluform. Öðruvísi gæti það varla verið ef litið er til þess að í þúsundir ára hafa opinberendur guðdómsins, hver á fætur öðrum, beint orðum sínum að breytilegum þörfum siðmenningar á þroskabraut. Í rauninni virðist þróun og breyting vera grundvallarþáttur í ritum flestra megintrúarbragða. Það sem ekki er hægt að réttlæta siðferðislega er að menningararfi sem átti að auðga andlega reynslu sé misbeitt þannig að hann vekir þess í stað fordóma og firringu. Frumverkefni sálarinnar verður ætíð að kanna veruleikann, lifa í samræmi við sannindin sem hún kemst að raun um og sýna viðleitni annarra til að gera slíkt hið sama fulla virðingu.

Þeim andmælum kann að verða hreyft að viðurkenning á guðlegu jafnrétti allra megintrúarbragða verði til þess að hvetja eða að minnsta kosti auðvelda fjölda fólks að skipta um trú. Hvað sem hæft er í þessu eru þau áhrif vissulega lítilvæg í samanburði við tækifærið sem sagan loks opnar þeim sem eru sér meðvituð um veröld sem er æðri hinni jarðnesku – og um ábyrgðina sem fylgir slíkri vitund. Öll stóru trúarbrögðin geta á trúverðugan og áhrifamikinn hátt sýnt fram á hæfni sína til að rækta siðvitund. Enginn gæti heldur fært sannfærandi rök fyrir því að kenningar eins sérstaks trúarkerfis fremur en annars hafi haft meiri eða minni áhrif í mótun hleypidóma og hjátrúar. Í veröld gagnkvæmra samskipta er eðlilegt að tengslin séu í stöðugri þróun og vissulega er það hlutverk stofnananna, hverjar sem þær eru, að íhuga hvernig stýra megi þeirri þróun svo hún stuðli að einingu. Tryggingin fyrir haldgóðri niðurstöðu – andlegri, siðferðislegri og félagslegri – felst í varanlegri trú þess mikla fjölda jarðarbúa, sem enginn hefur ráðfært sig við, á því að alheimurinn stjórnist ekki af mannlegum duttlungum heldur ástríkri og óbrigðulli forsjón.

Ásamt hruni þeirra múra sem aðskilja mennina er öld okkar vitni að hruni þess múrs fortíðar, sem eitt sinn var ósigrandi og taldi sig um eilífd geta aðskilið jarðneskt líf frá hinu himneska. Ritningar allra trúarbragða hafa ætíð kennt átrúendum að líta ekki aðeins á þjónustu við aðra sem siðferðislega skyldu heldur jafnframt sem leið sálarinnar til að nálgast Guð. Í dag tekur þessi gamalkunna kenning á sig nýja merkingu í ljósi stöðugar endurskipulagningar samfélagsins. Þegar aldagamalt fyrirheit um réttláta veröld verður smám saman að raunhæfu markmiði, verður að leggja aukna áherslu á þarfir sálar og samfélags, sem eru gagnkvæmar hliðar andlegs þroskaferlis.

Ef trúarleiðtogar eiga að svara þeirri áskorun sem þessi síðarnefnda hugmynd felur í sér, hljóta fyrstu viðbrögð þeirra að fela í sér viðurkenningu á því að trú og vísindi séu tvö óhjákvæmileg þekkingarkerfi og að sú geta sem býr í vitund mannsins þróist með þeirra hjálp. Þessir grundvallarþættir í könnun veruleikans eru langt í frá ósamrýmanlegir. Þeir byggja hvor á öðrum og hafa verið virkastir á þeim sjaldgæfu og hamingjuríku tímum sögunnar þegar þeir hafa uppfyllt hvorn annan, unnið saman og notið viðurkenningar. Innsæi og hæfni sem sprettur af vísindalegum framförum verður alltaf að haldast í hendur við andlega og siðferðilega skuldbindingu til að tryggja eðlilegt jafnvægi. Hversu dýrmæt sem trúarsannfæringin er einstaklingnum verður hann, fúslega og þakksamlega, að leggja hana í dóm hlutlægrar vísindalegrar aðferðafræði.

Við komum loks að málefni sem við nálgumst með nokkru hiki, þar sem það snertir beinast samviskuna. Það þarf ekki að koma á óvart að af mörgum freistingum heimsins hefur trúarlegt vald verið trúarleiðtogum þyngsta prófraunin. Ekki þarf að minna neinn sem varið hefur mörgum árum í rannsóknir og alvarlega íhugun á ritum einhverra trúarbragða á þá viðteknu og margítrekuðu reglu að vald getur spilt og það því meira sem valdið eykst. Hljótt

er um þá innri sigra sem miklum fjölda trúaðra manna í klerkastétt hefur að þessu leyti tekist að vinna á öllum tímum, en þeir eru án efa ein helsta uppspretta sköpunarkrafts skipulögðu trúarbragðanna og hljóta að teljast til mestu afreka þeirra. Á sama hátt hefur uppgjöf annarra trúarleiðtoga fyrir táli veraldlegs valds og forréttinda orðið frjór jarðvegur kaldhæðni, spillingar og örvæntingar meðal allra sem verða að því vitni. Ekki þarf að orðlengja hvað þetta hefur í för með sér fyrir hæfni trúarleiðtoga til að rækja félagslegar skyldur sínar á þessum tíma í sögunni.

* * *

Þar sem trúarbrögðin hafa verið upptekin af göfgun lundarfars og ræktun samskipta, hafa þau í gegnum söguna verið manningnum endanlegt haldreipi og gætt líf hans merkingu. Á sérhverri öld hafa þau hlúð að hinu góða, varað við hinu ranga og veitt öllum, sem vildu sjá, sýn á úppfyllta möguleika. Heilræði þeirra hafa verið skynigæddum sálum hvatning til að sigrast á veraldlegum takmörkunum og uppfylla hlutverk sitt. Eins og alþjóðlegt nafn trúarbragða [religion] gefur til kynna hafa þau jafnframt verið helsti tengiliður ólíkra þjóða í æ stærri og flóknari samfélögum og laðað þannig fram hæfni þeirra sem og einstaklinganna sem mynda þau. Hinir miklu yfirburðir þessarar aldar felast í sjónarhorninu sem gerir öllu mannkyni kleift að sjá þessi siðmenningarferli sem eina heild, sífellda samfundi okkar jarðneska heims og veraldar Guðs.

Bahá'í samfélagið hefur sótt innblástur í þetta sjónarmið og það hefur frá upphafi verið öflugur talsmaður samtrúarstarfsemi. Í þeirri viðleitni sem hin ýmsu trúarsamfélög hafa sýnt til að nálgast hvert annað sjá bahá'íar ekki aðeins möguleika á kærkomnum tengslum heldur viðbrögð við vilja Guðs fyrir mannkyn sem er að leggja á sameiginlega þroskabraut. Meðlimir í samfélagi okkar munu halda áfram eftir föngum að veita þessari viðleitni brautargengi. Samverkamenn okkar í þessari viðleitni eiga þó rétt á því að við lýsum skilmerkilega þeirri fullvissu okkar að eigi samtrúarumræðan að koma að gagni og græða meinsemdirnar sem steðja að örvæntingarfullu mannkyni, verður hún hreinskilnislega og undanbragðalaust að beinast að þeim algilda og skapandi sannleika að Guð er einn, og ofar og handan mannlegri fjölbreytni og túlkun er trúin sömuleiðis ein.

Með hverjum degi sem líður eykst hættan á því að eldar vaxandi trúarfordóma verði að alheimsbáli með afleiðingum sem enginn getur gert sér í hugarlund. Borgaraleg stjórnvöld geta ekki sigrast hjálparlaust á slíkri hættu. Við ættum ekki heldur að lifa í þeirri blekkingu að áeggjan til gagnkvæms umburðarlyndis geti slökkt þá haturselða, sem kyntir eru undir því yfirskini að þeir séu Guði þóknanlegir. Kreppan gerir kröfu til þess að trúarleiðtogarnir segi skilið við fortíðina með jafn afgerandi hætti og gerðist þegar samfélaginu

opnuðust leiðir til að berjast gegn öðrum og jafn eyðileggjandi fordómum kynþáttar, kynferðis og þjóðernis. Öll réttlæting á beitingu áhrifa í málefnum samvisskunnar hlýtur að felast í þjónustu við velferð mannkynsins. Á þessum mestu tímamótum í sögu siðmenningar gætu kröfurnar sem gerðar eru til slíkrar þjónustu ekki verið skýrari. „Velferð mannkyns, friður þess og öryggi, er óhugsandi,“ segir Bahá'u'lláh „nema og þar til eining þess hefur verið tryggilega grundvölluð.“

[undirritað: Allsherjarhús réttvísinnar]